

61. Stjórnarfundur Hverfisnefndar Oddeyrar 10.júní 2015. Fundargerð.

Mætt voru: Jón Einar Jóhannsson, Ingimar Tryggvason, Perla Fanndal formaður, Anna Bjarney Guðmundsdóttir, Hjalti Jóhannesson og undirritaður.

1. Rætt um pósta sem hverfisnefnd hafa borist varðandi Akureyrarvöku. Stefnan er sett á svipaða uppákomu og í fyrra e.t.v. mætti bjóða upp á leiki fyrir börn og fleiri sem áhuga hafa á slíku, t.d. krikket eða folf. Hugmynd að fá reynda folfspilara til að leiða slíkan leik. Einnig hugmynd að bjóða uppá grillaðar pylsur en óvíst að úthlutað fjármagn leyfi það
2. Hverfisnefnd boðuð á tvo fundi, annars vegar varðandi Framtíðarskipulag á Oddeyri þ. 19. þ.m. kl. 9 og annars vegar fundur að morgni þess 12. þar sem formenn hverfisnefnda mega gera grein fyrir umhverfisátaki vorsins. Umhverfisátak fór “fyrir ofan garð og neðan”, aðallega vegna lélegrar tíðar og veðurfars.
3. Áhugi innan hverfisnefndar að fá fánastöng á Eiðsvöllinn. (Hins vegar er spurningin hver myndi sjá um að flagga).
4. Rætt um sóparatæki að vori. Gott væri að látið yrði vita t.d. með skilti daginn áður að tiltekið svæði verði sópað svo íbúar hafi tök á að færa bíla í tíma. Ef margir bílar eru fyrir verður sópvinna til muna árangursminni.
5. Hverfisnefnd leggst gegn því að garðaúrgangur sé gjaldskyldur.
6. Rætt um óeðlilega bílaumferð og athafnir á græna fleygnum milli Ægisgötu og Hjalteyrargötu. Íbúar nærliggjandi lóða umgangast svæðið líkt og um “framlengingu” á einkalóðum sé að ræða. Hugmynd að svæði verði lokað yfir sumartímamann en opið að vetrum svo möguleiki sé að moka þangað snjó af götum.
7. Hverfisnefnd vill átélja varasaman akstur um gangstétt á Glerárgötu vegna aðkomu að Grænugötu 2. Hefur verið átalið áður og leyfi fyrir slíkum akstri verið synjað.
8. Hverfisnefnd lýsir yfir ánægju með framkvæmdir á Eiðsvellinum sem þegar þetta er ritað eru í fullum gangi. Sama gildir um nýlegar malbiksframkvæmdir á Grænugötu og malbiksbatúr á götunum nærri Oddeyrarskóla.

Kaffi Ilmi Hafnarstræti 107b, miðvikudaginn 10.júní 2015.

Arnór Bliki Hallmundsson ritari Hverfisnefndar Oddeyrar.